

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2007, fimmtudaginn 25. október var haldinn 279. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarskrifstofum Seltjarnarnesi að Austurströnd 2 og hófst kl. 08:30.

Mættir: Anna Kristindóttir formaður, Páll Grétarsson, Björn Árni Ólafsson, Egill T. Jóhannsson, Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Ingi Þór Hermannsson. Ragnar Örn Pétursson boðaði forföll.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri. Anna Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar.
3. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins dags. 10. okt. sl. varðandi aðstöðu fyrir félagið í Bláfjöllum.

Stjórn SHB leggst ekki gegn staðsetningu gáms til bráðabirgða en veiting slíks leyfis er ekki á forræði stjórnar heldur skipulagsyfirvalda svæðisins.

Jafnframt er skíðagöngufélaginu bent á að leita eftir viðræðum við stjórn SHB og framkvæmdastjóra um framtíðaraðstöðu félagsins,

4. Lagt fram yfirlit yfir skuld SHB við borgarsjóð.
5. Þjónustusamningur.
Farið yfir stöðu mála vegna vinnu við samningin.
6. Senda þarf út bréf til sveitarstjórna sem aðild eiga að SHB um áætluð rekstrar-og framkvæmdagjöld vegna ársins 2008 vegna vinnu við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Þetta yrði með fyrirvara um vinnu við þjónustusamning.
7. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu mála.

Fundi slitið kl.10:00

Anna Kristinsdóttir

Ingi Þór Hermannsson
Páll Grétarsson
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Sigurður Guðmundsson

Egill T. Jóhannsson
Ingi Þór Hermannsson
Björn Árni Ólafsson